

Áskorun til umhverfisráðherra, ríkisstjórnar og sveitarfélaga Íslands frá Samtökum grænkerana á Íslandi.

Í fréttum þann 18. ágúst síðastliðinn var eftirfarandi haft eftir Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfisráðherra:

„Ok á skilaboð og er með skilaboð til heimsins um að hér í heiminum er hamfarahlýnun að eiga sér stað. Það má segja að það sé neyðarástand sem ríkir víða vegna loftslagshamfara. Það mun bara aukast í framtíðinni. Ef ekki verður gripið til aðgerða sem að ekki bara koma í veg fyrir að fleiri jöklar hverfi, heldur snúi þessari þróun við sem er svo mikilvægt fyrir okkur á jörðinni.“

Umhverfisráðherra talar um að grípa verði til aðgerða og segist: „... heita því að gera það sem ég get til þess að koma í veg fyrir að fleiri jöklar á Íslandi hverfi.“

Lítið virðist þó vera á döfinni varðandi einn mikilvægasta þáttinn í þessu samhengi, þ.e. að draga úr neyslu dýraafurða. Stjórnvöld hafa ekki gefið nein skýr skilaboð frá sér varðandi þennan þátt, en landbúnaður telur 13% af losun Íslands miðað við Kýótó-bókunina (en 21% af losun sem fellur undir beina ábyrgð íslenskra stjórnvalda). Um 50% af þessari losun landbúnaðar er metangaslosun vegna dýraeldis, en metangas er gróðurhúsalofttegund sem er 25 sinnum skaðlegri umhverfinu en koltvísýringur, en að sama skapi þeim eiginleikum gætt að hreinsast fljótar úr andrúmsloftinu en koltvísýringur.

Börnin okkar hafa sent skýr skilaboð um að grípa þurfi til aðgerða með loftslagsverkföllum sínum á föstudögum alla síðustu skólaönn en samt býðst þeim ekki einu sinni að velja sér grænkerafæði nú þegar þau koma í skólann eftir sumarfrí. Mörg börn þurfa að fara með nesti í leik-/grunnskóla upp á hvern einasta dag þar sem skólarnir fara fram á læknisvottorð til að börnin geti fengið grænkerafæði. Það er margsannað að plöntumiðað mataræði er fullnægjandi að öllu leyti á öllum æviskeiðum og því væri rökrétt skref að bjóða upp á þann kost í öllum skólamötuneytum landsins.

Nokkrar leiðir væri hægt að fara að þessu. Byrjunarskrefið gæti verið að fordæmi þess sem við sáum EFLA verkfræðistofu gera með því að bjóða upp á tvo valkosti og sýna fram á kolefnisspor máltíða, að hætta alveg eða að minnka framboð dýraafurða í skrefum eða jafnvel leyfa fólki að skrá börn sín fyrirfram á grænkerafæði fyrir skólaárið.

Fyrir utan umhverfislegt mikilvægi þess myndi þetta spara fé þar sem grænkerafæði er almennt ódýrara. Einnig myndi aukið vægi grænkerafæðis í skólaumhverfinu auðvelda störf matráða þar sem flest algengustu ofnæmi eru fyrir dýraafurðum.

Við tölum hér sérstaklega um grænkerafæði í skólum þar sem þeir eru nú að hefjast og bæði foreldra og börn farið að lengja eftir þessum breytingum en að sjálfsögðu á þessi áskorun við um allar stofnanir ríkis og sveitarfélaga. Það reynist jafnvel erfitt að fá grænkerafæði á sjúkrahúsum og erum við langt á eftir þeim Evrópulöndum sem við jafnan miðum okkur við hvað þetta varðar.

Við óskum eftir aðgerðum strax og megum engan tíma missa.

Samtök grænkerana á Íslandi